

## GJALDSKRÁ

### vegna hundahalds í Eyrarbakkahreppi fyrir árið 1984.

#### 1. gr.

Leyfisgjald fyrir undanþágu frá banni við hundahaldi í Eyrarbakkahreppi skv. 2. gr. b. í samþykkt um hundahald í Eyrarbakkahreppi, sem staðfest var 5. apríl 1976, skal vera kr. 1 500,00 fyrir árið 1984.

#### 2. gr.

Ofangreind gjaldskrá Eyrarbakkahrepps staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sbr. lög nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 8. apríl 1984.*

F. h. r.

**Jón Ingimarsson.**

*Ingimar Sigurðsson.*

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð nr. 367 22. mars 1976 um bátaábyrgðarfélög.

#### 1. gr.

1. mgr. 14. gr. orðist svo:

Þegar greiddar eru tjónabætur, aðrar en bætur fyrir alaskaða, skal ávallt draga frá hverju einstöku tjóni sjálfsábyrgð kr. 710,00 margfaldað með rúmlestatölu skipsins, þó eigi lægri tölu en 25 rúmlestir og eigi hærri tölu en 85 rúmlestir. Grunntalan 710,00 breytist í samræmi við verðbreytingar, er kunna að verða eftir að reglugerð þessi tekur gildi og leiða til breytinga á váttryggingarverði nýrra skipa.

#### 2. gr.

3. mgr. 31. gr. orðist svo:

Ef skip hefur staðið á landi eða verið lagt tryggilega fyrir festum á öruggum stað, sem félagið tekur gildan, eða slík landstaða eða hafnarlega hefur varað í að minnsta kosti einn mánuð samfleytt, skal endurgreiða hluta af iðgjaldi skipsins.

Endurgreiðslan skal vera 0,20% af ársiðgjaldi skipsins fyrir hvern dag, ef skipið hefur staðið á landi, og 0,15% af ársiðgjaldi á dag ef það hefur legið í höfn. Hver mánuður reiknast 30 dagar og allt árið 360 dagar. Ef tjónbætur á váttryggingarárinu fara fram úr helmingi ársiðgjalds, fellur endurgreiðslan niður fyrir það váttryggingarár. Ef skip hefur orðið fyrir tjóni, sem nemur minna en helmingi ársiðgjalds, má endurgreiða iðgjald, þó aldrei meira en svo, að samanlögð endurgreiðsla og tjónbætur fari ekki fram úr helmingi ársiðgjalds. Hafi skipið orðið fyrir alaskaða, skal endurgreiða hluta af iðgjaldi þess til loka ársins með sama hætti og ef skipið hefði legið í höfn.